

## Tilkynning um reglubreytingu

Dags: 1. desember 2023

## Breytingar á reglum fyrir sérhæfða sjóði

Nasdaq Iceland hf. ("Kauphöllin") hefur tekið ákvörðun um að gera breytingar á reglum fyrir sérhæfða sjóði ("reglurnar").

Með breytingunum verður nú heimilt að taka hlutdeildarskírteini sérhæfðra sjóða til viðskipta, en áður einskorðuðust reglurnar við hlutabréf. Þá verður taka hlutdeildarskírteina sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta einnig heimiluð á markaðnum fyrir sérhæfða sjóði (ákvæði 1.1)

Ef sérhæfður sjóður gefur út hlutdeildarskírteini skulu reglur hans tryggja viðlíka fjárfestavernd og fæst ef sjóðurinn er rekinn í hlutafélagaformi (ákvæði 1.2.1).

Bætt hefur við ákvæði um seljanleika, þar sem kveðið er á um að sérhæfður sjóður skuli hafa viðskiptavakt sem og tryggja viðeigandi dreifingu hlutdeildarskírteina til almennings (ákvæði 1.2.3). Ákvæðið á, aftur á móti, ekki við ef um einungis er heimilt að framselja fjármálagerninga í sjóðnum til hæfra fjárfesta. Í skýringarmálsgrein með greininni er tekið fram að markmiðið með þessu skilyrði er að tryggja að fjárfestar geti átt viðskipti með hlutdeildarskírteini útgefanda á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt. Við mat á því hvort skilyrðið teljist uppfyllt skal horft með heildstæðum hætti á fyrirkomulag viðskiptavaktar og dreifingu til almennings.

Þá er lágmarksmarkaðsverðmæti sjóða hækkað úr 1.250 þúsund evrum í 5 milljón evra.

## Athugasemdir

Við viljum endilega heyra álit ykkar svo við getum tryggt að reglurnar séu skýrar og þjóni markmiðum sínum um að tryggja viðeigandi fjárfestavernd. Sömuleiðis væri gott að fá að vita ef það er eitthvað annað sem þið teljið að megi skýra eða lagfæra í reglunum.

Þið getið sent spurningar eða athugasemdir á netfangið surveillance.ice@nasdaq.com. Lokafrestur til að koma formlegum ábendingum á framfæri er til 15. desember 2023.

## Gildistaka

Breytingarnar taka gildi 1. Janúar 2024.

Hægt er að hlaða niður reglunum á eftirfarandi vefsíðum:

Aðalmarkaður: <a href="https://www.nasdaq.com/market-regulation/nordics/iceland">https://www.nasdaq.com/market-regulation/nordics/iceland</a>

First North: <a href="https://www.nasdag.com/market-regulation/nordics/first-n">https://www.nasdag.com/market-regulation/nordics/first-n</a> orth-mtf-rules

1